

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir lögbýlið Yrpuholt.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit þar sem heimilt verður að reisa allt að 400 m² íbúðarhús, 200 m² gestahús, 300 m² hesthús og 600 m² skemmu.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2013.

2. *Deiliskipulag úr landi Egilsstaða, nýbýlið Egilsstaðatjörn.*

Í deiliskipulaginu er markaður byggingarreitur fyrir íbúðarhús, bílskúr, hesthús með íbúð og hestaskýli og byggingarreitur fyrir frístundahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2013.

3. *Deiliskipulag nýs lögbýlis úr landi Gafls, Reyrhagi.*

Skipulagssvæðið, sem er um 30 ha að stærð, gerir ráð fyrir nýju lögbýli þar sem heimilt verður að reisa allt að 200 m² íbúðarhús og 20 m² gestahús. Ennfremur er gert ráð fyrir tveimur hesthúsum, tveimur reiðhöllum og tveimur tækjaskemmum og má hver bygging vera allt að 1.400 m² að stærð.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2013.

4. *Deiliskipulag alifuglabús í landi Miklaholtshellis.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að reisa 1.500 m² alifuglahús fyrir um 15.000 varphænur. Einnig verður reist niðurgrafin geymsla.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. febrúar 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2014